

# Kveðja frá NÍKARAGVA!

Níkaragva er land í Mið-Ameríku.  
Nærri 7 milljónir manna búa þar!

## ÚTBREIÐA FAGNAÐARERINDIÐ



Fyrstu trúboðarnir komu til Níkaragva árið 1953. Í dag eru meðlimir kirkjunnar þar fleiri en 100.000! Þar er meira að segja verið að byggja musteri.



## HÁKARLAR Í NÍKARAGVAVATNI

Nautháfar geta lifað bæði í sjó og í ferskvatni. Þetta þýðir að þeir geta lifað í sjó, ám og vötnum! Þeir synda frá Atlantshafinu upp langa á til að lifa í Níkaragvavatni.

¿Nahki sma?

Það þýðir „Hvernig hefur þú það?“ á miskito!



## PALO DE MAYO

Íbúar Níkaragva halda mikla hátíð sem nefnist Palo de Mayo þegar regntímabilið hefst. Þeir skreyta tré eða stöng með litríkum borðum til að dansa í kringum og skemmta sér allan mánuðinn.



## TUNGUMÁL

Opinbert tungumál er spænska. Sumir tala einnig frumbyggjamál eins og miskito, sumo og rama.

MYNDSKREYTING: DAVE KLÜG



## Chuwis

Chuwis er leikur sem börn spila í Níkaragva. Til að spila þennan leik þarf grænar baunir (eða prik) og holu í jörðina (eða bolla). Hver leikmaður fær 5 grænar baunir. Fyrsti leikmaðurinn hendir grænum baunum ofan í holuna, einni í einu. Ef hann hittir ekki einni, hættir hann og næsti tekur við. Sá sem er fyrstur að hitta öllum 5 grænu baununu m í holuna vinnur!



## UPPSKRIFT

## Gallopinto

Í Níkaragva borða margir þennan rétt með hrísgrjónum og baunum daglega. Hér er uppskrift sem þið getið prófað!

1. Hitið **2 matskeiðar af olíu** og **½ saxaðann gulan lauk**. Hrærið í fimm mínútur.
2. Hrærið saman við **1 ½ bolla hvítum hrísgrjónum** í 2 til 3 mínútur.
3. Bætið við **salti** og **3 bollum af vatni**. Takið fræin úr **hálfri grænni papriku** og setjið ofan á.
4. Setjið pottlokið ofan á og sjóðið þar til vatnið er nánast horfið.
5. Hendið paprikunni og hrærið saman við **2 bolla af elduðum rauðum eða svörtum baunum** og **½ teskeið hvítlauksdufti**. Látið sjóða í um 10 mínútur.

Verið viss um að fá hjálp frá fullorðnum!